

**Útboðslýsing**

# **Verðbréfasjóður ÍV**

**3. júní 2015**

# Ábyrgð á útboðslýsingu

## Yfirlýsing rekstraraðila

Útboðslýsing þessi hefur að geyma upplýsingar sem eru fjárfestum nauðsynlegar til þess að geta metið kosti þess að fjárfesta í Verðbréfasjóði ÍV, sem rekinn er af ÍV sjóðum hf. Útboðslýsingin er unnin samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og reglugerð nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Akureyri 3. júní 2015

Jón Helgi Pétursson  
Framkvæmdastjóri

## Grunnupplýsingar

Sjóðurinn heitir Verðbréfasjóður ÍV. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. II. kafla A í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sem verðbréfasjóður hefur sjóðurinn starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Verðbréfasjóður ÍV hóf rekstur í maí 2002, þá með tveimur sjóðsdeildum sem voru ÍV Ríkisskuldabréfasjóður og Skuldabréfasjóður ÍV. Þriðja sjóðsdeildin, Heimssjóður ÍV, bættist síðan við í október 2003. Sjóðsdeildinni Heimssjóður ÍV hefur verið slitið og sjóðsdeildin Skuldabréfasjóður ÍV er í slitaferli. Eina virka sjóðsdeildin í Verðbréfasjóði er ÍV Ríkisskuldabréfasjóður.

Deildirnar hófu starfsemi sem sjóðsdeildir í Verðbréfasjóði ÍV sem starfaði skv. 27. gr. laga nr. 10/1993 og hafði sem slíkur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi. Með hliðsjón af ákvæði II til bráðabirgða við lög nr. 30/2003 var ákveðið að sækja um staðfestingu fyrir sjóðinn sem verðbréfasjóð sem hefur heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fá má allar upplýsingar um Verðbréfasjóð ÍV hjá ÍV sjóðum hf. (kt. 491001-2080), Strandgötu 3, 600 Akureyri. Ennfremur eru upplýsingar um sjóðinn, s.s gengi o.fl., birtar á heimasíðu ÍV sjóða hf., [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).

## Fjárfestingar

Markmið með rekstri sjóðsdeilda Verðbréfasjóður ÍV er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með fjárfestingu í verðbréfum.

Sjóðsdeildir Verðbréfasjóður ÍV veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn er verðbréfasjóður sbr. II. kafla A í lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sem verðbréfasjóður hefur hann starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða binda meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Prátt fyrir þetta er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Að öðru leyti skal fara eftir takmörkum þeim sem koma fram í lögum nr. 128/2011 í II. kafla F. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða.

Rekstrarfélaginu er þó ekki heimilt skv. reglum sjóðsins að eiga viðskipti með afleiður við rekstur deilda sjóðsins. Sjá nánar viðauka með útboðslýsingu sem inniheldur II.kafla F í lögum nr. 128/2011.

Samkvæmt lögum nr. 128/2011 hefur verðbréfasjóður, sem heimilt er að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu, takmarkaðri heimildir til fjárfestinga skv. II. kafla F heldur en fjárfestingarsjóðir hafa skv. III. kafla, en fjárfestingarsjóði er eingöngu heimilt að markaðssetja á Íslandi. Meiri kröfur eru gerðar til dreifingar eigna verðbréfasjóða en fjárfestingarsjóða og verðbréfasjóðir hafa ekki heimildir til lántöku eða til að skortselja verðbréf. Verðbréfasjóðir teljast því áhættuminni fjárfesting heldur en fjárfestingarsjóðir.

Verðbréfasjóður ÍV starfar í sjálfstæðum sjóðsdeildum, sem eru eftirfarandi:

- *ÍV Ríkisskuldbréfasjóður*
- *Skuldbréfasjóður ÍV*

Hver sjóðsdeild hefur sérstakan fjárhag og lýtur fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild er aðgreind sérstaklega í bókhaldi.

## ÍV Ríkisskuldabréfasjóður

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður, kt. 650615-9720, ávaxtar fé með kaupum á skuldabréfum/víxlum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

a) Verðbréf gefin út eða með ábyrgð íslenska ríkisins<sup>1</sup> 100%.

Heimild sjóðsdeildarinnar til fjárfestinga umfram 35% og allt að 100% af eignum sínum í slíkum verðbréfum styðst við 38. gr. laga nr. 128/2011.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 128/2011 skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Fjárfestingastefna sjóðsdeildarinnar er skýr því einungis er fjárfest í verðbréfum sem eru útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs. Meðallíftími eigna sjóðsdeildarinnar kann að sveiflast frá 6-12 árum eftir mati sjóðstjóra á markaðshorfum hverju sinni.

Fjárfestar ættu að gera sér grein fyrir því að virði fjárfestingar í sjóðsdeildinni getur lækkað jafnt sem hækkað og að fjárfestar kunni að fá minna til baka heldur en upphaflega var fjárfest fyrir.

Fjárfesting í verðbréfasjóði felur ávallt í sér einhverja áhættu og felst hún einkum í eftirfarandi varðandi ÍV Ríkisskuldabréfasjóð:

- Helsta áhætta fjárfesta í sjóðsdeildinni felst í hækjun á fjármálamarkaði á ávoxtunarkröfu þeirri sem gerð er til ríkistryggðra bréfa og þar með hækjun á markaðsverði bréfa í sjóðnum.
- Áhættan að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og var vænst vegna þess að mótaðili greiði eða afhendi ekki á réttum tíma (uppgjörsáhætta).
- Áhætta sem felst í því að eignir í vörslu geti tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.
- Áhætta sem felst í því að víslala neysluverðs hækki meira en sem nemur nafnávoxtun eignar og hún rýrni að raunvirði. Vægi þessarar áhættu fer eftir því hversu stór hluti eigna sjóðsdeildarinnar er verðtryggður.
- Aðrir almennir áhættuþættir geta verið fyrir hendi, s.s. skortur á vissu um að ytri aðstæður verði óbreyttar til framtíðar (t.d. stöðugleiki í stjórnálum og skattakerfi) og frammistöðuáhætta (t.d. breytileiki áhættustigs eigna og ábyrgða þeim tengdum).
- Þar sem eignir sjóðsdeildarinnar eru útgefnar af eða með ábyrgð ríkissjóðs, getur samþjöppun áhættu komið til vegna þess að um tiltölulega þróongan eignaflokk er að ræða.
- Önnur áhætta er óveruleg, en getur þó verið fyrir hendi.

Vegna þess hve gengi sjóðsdeildarinnar sveiflast í takt við breytingar á ávoxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði er hún einkum ætluð fjárfestum sem hyggja á

<sup>1</sup> Lánshæfiseinkunn skv. Standard & Poor's sbr. tilkynningu Seðlabanka Íslands í júlí 2014 er A-3/BBB-.

fjárfestingu til a.m.k. 3-5 ára. Einnig hentar sjóðsdeildin fjárfestum sem vilja lágmarka skuldaraáhættu, þar sem eignir hennar eru ríkistryggðar.

Fjárfesting í ÍV Ríkisskuldabréfssjóði hentar jafnt einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja ná dreifingu verðbréfaeignar með því að fjárfesta á skuldabréfamarkaði án þess að þurfa að fylgjast með gjalddögum vaxta og afborgana, útdrætti húsbréfa og lokagjalddögum einstakra skuldabréfa.

Arður eða annar hagnaður af verðbréfum í eigu ÍV Ríkisskuldabréfsjóðs skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingastefnu deildarinnar. Eignum sjóðsdeildarinnar er stýrt með langtímaarðsemi að leiðarljósi. Eignasafninu er ekki ætlað að endurspeglar útgefnar vísitölur.

## Ávöxtun ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs

Nafnávöxtun<sup>2</sup> ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs á ári 2003 til 2014 er að finna í meðfylgjandi töflu.

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður	
Ár	Nafnávöxtun
2003	12,08%
2004	15,26%
2005	2,88%
2006	7,97%
2007	3,69%
2008	25,48%
2009	16,08%
2010	11,79%
2011	13,99%
2012	5,90%
2013	1,89%
2014	2,41%

Áskriftar og innlausnargjöld eru ekki innifalin í útreikningi á árangri sjóðs.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) sjóðs fyrir liðið reikningsár. HKH hlutfall sjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu. Hrein meðaleignastaða er reiknuð á grundvelli upplýsinga um hreinar meðaleignir sjóðs við útreikning á innlausnarvirði sjóðs, þ.e.a.s. daglegt innlausnarvirði. Útreikningsaðferð heildarkostnaðarhlutfalls skal staðfest af endurskoðanda sjóðs.

Heildarkostnaðarhlutfall ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs fyrir árið 2014 er 1,09%.

---

<sup>2</sup> Nafnávöxtun segir til um ávöxtun í krónum talið en raunávöxtun er ávöxtun að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta veltuhlutfall sjóðs fyrir liðið reikningsár. Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er það reiknað á staðlaðan hátt sbr., umfjöllun um þóknanir.

Veltuhlutfall ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs fyrir árið 2014 er 0,78.

## **Almenn varnaðarorð til fjárfesta.**

**Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu.** Sjá nánari umfjöllun um áhættu samfara fjárfestingum í einstökum sjóðsdeildum hér á undan. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfesting í verðbréfasafni felur í sér áhættudreifingu og er áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum.

Verðmæti skuldabréfa er m.a. háð þróun markaðsvaxta, verðbóluspám sem og framboði og eftirspurn. Breytingar á ávöxtunarkröfu hafa meiri áhrif á verð skuldabréfa með langan líftíma en verð skuldabréfa með stuttan líftíma. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og er því áhættumeiri en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma.

**Ávöxtun í fortíð er engin trygging fyrir hver ávöxtun einstakra deilda í Verðbréfasjóði ÍV verður í framtíð.**

## Viðskiptaupplýsingar

Gefin eru út sérstök verðbréf í formi hlutdeildarskírteina, óski kaupendur eftir slíku skírteini við kaup í sjóðnum, að öðrum kosti gildir kvittun fyrir kaupum sem staðfesting á eignarhlut. Skírteinin eru send í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Viðskiptavinir sem fengið hafa kvittanir fyrir keyptum hlutdeildarskírteinum í stað formlegra skírteina geta hins vegar hvenær sem er óskað eftir að skírteini séu gefin út þeim til handa. Skírteini þessi skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðsdeildum í Verðbréfasjóði ÍV, eiga sama rétt til tekna og eigna deildarinnar í hlutfalli við eign sína, og eru skírteinin (kvittanirnar) staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar.

ÍV sjóðir hf. gefur út hlutdeildarskírteini á einingaformi, þ. e. þau eru gefin út á hvaða einingu sem er með allt að 4 aukastöfum.

Á kvittun fyrir kaupum í Verðbréfasjóði ÍV skal eftirfarandi koma fram:

- a) Nafn Verðbréfasjóðs ÍV.
- b) Nafn og kennitala kaupanda
- c) Nafnverðseiningar, gengi og kaup/söluverð.
- d) Dagsetning viðskiptadags og uppgjörsdags.
- e) Gjaldmiðill og gjaldmiðlagengi (sé um að ræða annan gjaldmiðil en ISK).

Hlutdeildarskírteini eru gefin út af sjóðnum til þeirra sem þess óska og send í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Viðskiptavinir sem fengið hafa kvittanir fyrir keyptum hlutdeildarskírteinum í stað formlegra skírteina geta hins vegar hvenær sem er óskað eftir að skírteini séu gefin út þeim til handa.

Í hlutdeildarskírteinum skal eftirtalinna atriða m.a. getið:

- f) Nafn Verðbréfasjóðs ÍV, vörlufyrirtækis og rekstrarfélags.
- g) Nafn og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númera þess.
- h) Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
- i) Nafn og kennitölu framsalshafa, hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn ÍV sjóða hf. eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnáritunin má vera prentuð eða framsett á annan sambærilegan hátt.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í Verðbréfasjóði ÍV er markaðsvirði samanlagðra eigna hverrar deildar innan Verðbréfasjóðs ÍV að frádegnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlausstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Að öðru leyti fer innlausnarverð sérhverrar einingar eftir gildandi stjórnválfsfyrirmælum á hverjum tíma.

Beiðni um kaup og innlausn á hlutum, sem ÍV sjóðum hf. berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða þarnæsta opnunardag (T+2). Beiðnir, sem berast eftir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða á gengi næsta opnunardags þar á eftir.

Rekstrarfélag sjóðsins, ÍV sjóðir hf. selur og innleysir (kaupir) hlutdeildarskírteini sjóðsins á daglegu gengi. Rekstrarfélagið hefur samið við Íslensk verðbréf hf. um að fyrirtækið sjá um viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrir sjóðinn, sjá um miðlun fyrir sjóðinn og hafi með höndum umsjón og vörsu verðbréfa sjóðsins. Með hliðsjón af 17. og 18. gr. laga 128/2011 getur rekstrarfélagið einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu, svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamíðlurum, verðbréfafyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum, að fengnu samþykki FME.

Upplýsingar um kostnað við kaup og sölu hlutdeildarskírteina, daglegt viðmiðunargengi ofl. upplýsingar sem gagnlegar eru fyrir viðskiptavini eru birtar á heimasiðu ÍV sjóða hf. ([www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is)) og eru ennafremur aðgengilegar á skrifstofu félagsins. Þar má einnig nálgast útboðslýsingu, ársreikning og árshlutareikning endurgaldslaust fyrir og eftir samningsgerð sé þess óskað.

Umsóknir um innlausnir, sem Íslenskum verðbréfum hf. berast fyrir kl. 14:00 á opnumardegi banka og sparisjóða, ber að afgreiða, ef innlausnin er samþykkt, á grundvelli verðmætis hreinnar eignar sjóðeilda. Umsóknir sem berast eftir pennan frest ber að afgreiða næsta virka dag þar á eftir (sjá þó ákvæði um heimild til frestunar á innlausn hér á eftir). Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Sem dæmi um þetta má nefna ef um lokun kauphallar er að ræða. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Eiganda hlutdeildarskírteina er heimilt að framselja rétt sinn í sjóðsdeildinni nafngreindum einstaklingi eða lögaðila, en framseljanda er skyld að tilkynna Íslenskum verðbréfum hf. um framsalið. Fyrirtækið skal þá skrá framsalshafa sem eiganda hlutdeildarskírteinanna í einingaskrá í stað framseljanda. Sé röð framsala á hlutdeildarskírteini gölluð, verður það ekki innleyst nema handhafi leiði fullar sönnur að eignarheimild sinni. Aðili, sem eignast hlutdeildarskírteini við nauðungarsölu eða á annan hátt án atbeina eiganda, skal þegar í stað tilkynna Íslenskum verðbréfum hf. um eigandaskiptin.

Um fyrningu krafna samkvæmt hlutdeildarskírteinunum fer að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Fyrningartími vaxta er 4 ár frá gjalddaga, en fyrningartími höfuðstóls er 10 ár frá gjalddaga.

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeilda verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Skattskyldur hagnaðar ákvarðast samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 og mynda eignarhlutdeild í sjóðnum stofn til greiðslu eignarskatts. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er sold með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild. Frekari skattlagning kann að eiga sér stað hjá fjárfestum, t.d. varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi. Fjárfestar eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála varðandi skattalega meðferð á eignarhlutdeild í sjóðnum.

## Vörlufyrirtæki

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga Verðbréfasjóðs ÍV skal falinn vörlufyrirtæki skv. 20. gr. laga nr. 128/2011. Vörlufyrirtæki Verðbréfasjóðs ÍV er Íslensk verðbréf hf. Fjármunum sjóðsdeilda skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörlufyrirtækis.

Vörlufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags verðbréfasjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans
4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka
5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins

Gerður er skriflegur samningur á milli ÍV sjóða og Íslenskra Verðbréfa hf. og er hann uppsegtjanlegur af beggja hálfu með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að skipta um vörlufyrirtæki nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 128/2011.

Vinna og/eða kostnaður sem fellur til hjá vörlufyrirtæki skal innheimt skv. reikningum hjá rekstrarfélagi. Auk þess greiðir ÍV sjóðir hf. Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörlu varðandi Verðbréfasjóð ÍV.

## Útvistuð verkefni

Gerður hefur verið sérstakur samningur við Íslensk verðbréf hf. varðandi útvistun verkefna. Samkvæmt þeim samningi sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstrarfélagsins:

1. Bókhaldsþjónustu
2. Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina
3. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
4. Uppgjör viðskipta
5. Pjónustu við viðskiptavini
6. Tæknipjónustu
7. Kynningu á vörum ÍV sjóða
8. Nýtingu innlendra og erlendra viðskiptasambanda til hagsbóta fyrir ÍV sjóði
9. Áhættustýringu
10. Gengisútreikning sjóða
11. Regluvörlu

Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011.

Kostnaður vegna útvistunar verkefna er greiddur af þeim umsjónarlaunum sem rekstrarfélagið fær af sjóðsdeildunum.

## Þóknanir

Verðbréfasjóður ÍV skal greiða ÍV sjóðum hf. eftirfarandi þóknanir fyrir umsýslu og reiknast gjaldið af heildarmarkaðsverði sjóðsdeilda á hverjum tíma, á ári:

- ÍV Ríkisskuldabréfasjóður – 1,0% umsýsluþóknun
- Skuldabréfasjóður ÍV - 1,0% umsýsluþóknun
- Umsýsluþóknunina skal Verðbréfasjóður ÍV greiða mánaðarlega og er hún reiknuð af markaðsverði hverrar sjóðsdeilda í daglega.
- Ekki eru innheimt önnur gjöld af eignum sjóðsins.

*Athugið:*

- 15% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarmarkaðsverð eigna einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 500 milljónir.
- 25% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarmarkaðsverð eigna einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 1.000 milljónir.

*Söluþóknun er:*

- 1,00% af ÍV Ríkisskuldabréfasjóði
- Söluþóknunin skal koma fram í mismun á kaup- og sölugengi bréfa í sjóðnum.

*Athugið:*

- 50% afsláttur er veittur af söluþóknun ef einstök fjárfesting einstakra fjárfesta fer yfir 100 milljónir.

Verðbréfasjóður ÍV greiðir Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörlu varðandi Verðbréfasjóð ÍV. Beinn kostnaður sem fellur til vegna reksturs og umsýslu fyrir Verðbréfasjóð ÍV, s.s. vegna endurskoðunar, auglýsingar o. s. frv. skal greiddur af ÍV sjóðum hf. Þóknanir vegna útvistaðra verkefna greiðast af umsýslugjaldi sem rekstrarfélagið fær af sjóðsdeildunum.

Rétt er að benda á m.t.t 2. mgr. 54 gr. laga nr. 128/2011 að ef sjóðsdeild í Verðbréfasjóði ÍV fjárfestir í öðrum sjóðum sem reknir eru af ÍV sjóðum hf. þá er rekstrarféluginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er það reiknað á eftirfarandi staðlaðan hátt:

$$\text{Veltuhlutfall} = [(samtala\ 1 - samtala\ 2)/M]*100.$$

Velta sjóðs eða sjóðsdeildar skal reiknuð með eftirfarandi hætti:  
Kaup verðbréfa = X, sala verðbréfa = Y

$$\text{Samtala\ 1} = \text{Heildarvelta\ verðbréfa} = X+Y.$$

$$\begin{aligned}\text{Verðmæti\ útgefinna\ hlutdeildarskírteina} &= S \\ \text{Verðmæti\ innleystra\ hlutdeildarskírteina} &= T\end{aligned}$$

Samtala 2 = Heildarvelta hlutdeildarskírteina = S + T.

Viðmiðun meðaltals hreinna heildareigna = M.

Bent skal á að veltuhlutfall einstakra sjóðsdeilda er tilgreint í umfjöllun við hverja deild.

## Önnur ákvæði

Telji stjórн rekstarfélagsins að nauðsynlegt sé að sameina einstakar sjóðsdeildir innan Verðbréfasjóðs ÍV eða ef ætlunin er að slíta einstökum sjóðsdeildum skal leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins áður en samruni eða slit eru framkvæmd. Tilkynna þarf eigendum hlutdeildarskírteina um breytingarnar.

Ef slíta á deildinni skal innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í Verðbréfasjóði ÍV vera markaðsvirði samanlagðra eigna deildar verðbréfasjóðssins að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlásstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á innlausnarvirði fer eftir þeim stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða á Íslandi. Eftir að ákveðið hefur verið að slíta deildinni skal fengin staðfesting endurskoðanda á lokainnlausnarverði áður en hafist verður við að greiða út hluti.

Ef hins vegar á að sameina deildina annarri deild skal gefa sjóðfélögum kost á að fá sinn hlut innleystan innan þriggja vikna frá því að sameining hefur verið samþykkt. Á þeim tíma skal innlausnarverð hvers hlutar liggja fyrir.

Sjóðsdeildin Skuldabréfasjóður ÍV verður ekki sameinuð öðrum sjóðum sbr. 3. grein reglna Verðbréfasjóðs ÍV. Um slit deildarinnar fer skv. 3. grein fyrrnefndra relgna.

## ÍV sjóðir hf.

1. Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs ÍV heitir ÍV sjóðir hf. (kt. 491001-2080). Hluthafar félagsins eru tveir. Íslensk verðbréf hf. kt. 610587-1519 með 99,75% hlut og Tækifæri hf. 631299-2299 með 0,25% hlut. Félagið er skráð að og mun hafa aðstöðu hjá Íslenskum verðbréfum hf., Strandgötu 3, 600 Akureyri.
2. Rekstrarfélagið rekur eftirfarandi verðbréfa- og fjárfestingarsjóði: ÍV Skammtímasjóður, ÍV Sparisafn, ÍV skuldabréfasafn, ÍV Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa, ÍV Ríkisskuldabréfasjóður, ÍV Hlutabréfavísítolusjóður, ÍV Erlent hlutabréfasafn, ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasjóður, ÍV Eignasafn I og ÍV Eignasafn II.
3. Stjórnarmenn rekstarfélagsins eru þrír: Arnbjörg Sigurðardóttir (stjórnarformaður), Ingvar Gíslason og Jón Steindór Árnason. Varamenn eru: Guðný Sverrisdóttir og Anton Benjamínsson. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Helgi Pétursson.
  - 3.1. Jón Helgi Pétursson lauk B.Sc.prófi frá rekstrardeild Háskóla Íslands á Akureyri vorið 1997, MBA námi í “general management” frá The University of Hull 1998 og löggildingarnámi í verðbréfamiðlun frá Háskóla Íslands vorið 2001. Frá 1998-2000 starfaði Jón Helgi sem rekstrarráðgjafi hjá Rekstri og ráðgjöf Norðurlandi ehf., frá 2000-2005 gegndi hann stöðu sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Höfðhverfinga, og tók svo við starfi framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf. í maí 2005.
4. Löggiltir endurskoðendur ÍV sjóða hf. er Enor ehf., Hafnarstræti 53, 600 Akureyri.
5. Hlutafé ÍV sjóða hf. er kr. 16.000.000 (sextán milljónir) - og hefur allt hlutafé þegar verið greitt.

## **Upplýsingar um vörlufyrirtækið**

1. Félagið heitir Íslensk verðbréf hf. kt. 610587-1519 og fékk starfsleyfi verðbréfafyrirtækis 26.5.1995. Um félagið gilda lög nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti og lög nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki.
2. Framkvæmdastjóri er Sigþór Jónsson og stjórnina skipa: Heiðrún Jónsdóttir, Steingrímur Birgisson og Magnús Ingi Einarsson.
3. Aðsetur félagsins er að Strandgötu 3, 600 Akureyri.
4. Meginstarfsemi Íslenskra verðbréfa hf., samkvæmt samþykktum félagsins er að bjóða viðskiptavinum sínum þjónustu á öllum helstu sviðum verðbréfaviðskipta s.s. á sviði fjárvörslu og eignastýringar, verðbréfamiðlunar, útgáfu verðbréfa, sjóðastýringar og almennrar ráðgjafar við val á sparnaðarleiðum.

# Reglur fyrir Verðbréfasjóð ÍV

## I. Heiti sjóðs

### 1. grein

Sjóðurinn heitir Verðbréfasjóður ÍV.

### 2. grein

Markmið með rekstri Verðbréfasjóðs ÍV er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með fjárfestingu í verðbréfum. Sjóðsdeildir Verðbréfasjóðs ÍV veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn er verðbréfasjóður sbr. ll. kafla A í lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfárfestasjóði. Sem verðbréfasjóður hefur sjóðurinn og einstakar sjóðsdeildir starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.

### 3. grein

Verðbréfasjóður ÍV er starfræktur í tveimur sjálfstæðum sjóðsdeildum (ÍV Ríkisskuldabréfasjóður, kt. 650615-9720, og Skuldabréfasjóður ÍV), sem hafa sérstakan fjárhag og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild skal aðgreind sérstaklega í bókhaldi.

Vegna aðstæðna sem hafa skapast á fjármálamörkuðum í upphafi októbermánaðar 2008, sem leiddi m.a. til setningar laga 125/2008, hefur ÍV sjóðir hf. ákveðið í samræmi við tilmæli stjórnar Fjármálaeftirlitsins að grípa til aðgerða sem leiða til slita á sjóðsdeildinni Skuldabréfasjóður ÍV.

Engar innlausnir verða úr sjóðsdeildinni Skuldabréfasjóður ÍV. ÍV sjóðir hf. mun að eigin frumkvæði greiða inn á innlánsreikninga allra hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við hlutfallslega eign þeirra eftir því sem eignir fást greiddar uns engar eignir eru eftir í eignasafni sjóðsins.

Markmiðið með þessari aðgerð er að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa á þann hátt að allir hlutdeildarskírteinhafar fái greitt hlutfallslega úr sjóðsdeildinni í samræmi við eign sína.

Reglubreyting þessi er gerð á grundvelli 2. mgr. 11. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðsdeildinni Skuldabréfsjóður ÍV verður slitið þegar engar eignir eru eftir í eignasafni. Ákvörðun um slit verður tekin af stjórnum ÍV sjóða hf.

Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðsdeildinni. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna.

Samruni sjóðsdeildarinnar við aðra sjóði er óheimill.

## **II. Fjárfestingarstefna**

### **4. grein**

Samkvæmt lögum nr. 128/2011 hafa verðbréfasjóðir, sem heimilt er að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu, takmarkaðri heimildir til fjárfestinga skv. II. kafla F heldur en fjárfestingarsjóðir hafa skv. III. kafla, en fjárfestingarsjóði er eingöngu heimilt að markaðssetja á Íslandi. Er verðbréfasjóður því í eðli sínu áhættuminni fjárfesting heldur en fjárfestingarsjóður.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða binda meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Þrátt fyrir þetta er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Að öðru leyti skal fara eftir takmörkum þeim sem koma fram í lögum nr. 128/2011 í II. kafla F. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Rekstrarféluginu er þó ekki heimilt að eiga viðskipti með afleiður við rekstur deilda sjóðsins.

### **5. grein**

Starfsemi sjóðsins skal skipt niður í deildir og hefur hver deild sérstaka og fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu. Sjóðsdeildir eru ÍV Ríkisskuldabréfasjóður og Skuldabréfasjóður ÍV. Fjárfestingastefnur þeirra eru eftirfarandi;

#### **ÍV Ríkisskuldabréfasjóður:**

Sjóður, sem ávaxtar fé með kaupum á skuldabréfum/víxlum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Heimild sjóðsdeildarinnar til fjárfestinga umfram 35% og allt að 100% af eignum sínum í slíkum verðbréfum styðst við 38. gr. laga nr. 128/2011.

Einungis er fjárfest í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

#### **Skuldabréfasjóður ÍV:**

Markmið með rekstri Skuldabréfasjóðs ÍV er að ná góðri ávöxtun og dreifingu verðbréfaeignar með því að fjárfesta í ríkis- og bankatryggðum skuldabréfum/víxlum, skuldabréfum/víxlum sveitarfélaga og skuldabréfum traustra fyrirtækja. Heimilt er að fjárfesta í skuldabréfum sem skráð eru í Nasdaq OMX (Kauphöll Íslands) en útgefin af erlendum aðilum. Heimild sjóðsdeildarinnar til fjárfestinga umfram 35% og allt að 80% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins styðst við 38. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðurinn stefnir að því að a.m.k. helmingur fjárfestinga sjóðsins skuli vera í skuldabréfum fyrirtækja. Síðan mun sjóðurinn fjárfesta í ríkistryggðum skuldabréfum sem og skuldabréfum sveitafélaga, fjármálafyrirtækja og óskráðum verðbréfum.

Skuldabréfasjóður ÍV er sjóður sem ávaxtar fé með kaupum á:

- a) verðbréfum fyrirtækja, 0 - 90%
- b) verðbréfum fjármálafyrirtækja, 0 - 50%
- c) Verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins, 0 - 80%
- d) verðbréfum sveitarfélaga, 0 - 40%
- e) óskráðum verðbréfum, 0 - 10%

### **III Hlutdeildarskírteini**

#### **6. grein**

Gefnir verða út sérstakir fjármálagerningar í formi hlutdeildarskírteina, sem almenningi gefst kostur á að kaupa og verða skírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins.

Skírteini þessi skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að Verðbréfasjóði ÍV, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eign sína. Sala hlutdeildarskírteina hefur verið falinn Íslenskum verðbréfum hf, Strandgötu 3, Akureyri, samkvæmt heimild í 18.gr. laga nr.128/2011. Með hliðsjón af 17. og 18. gr. laga 128/2011 getur rekstrarfélagið einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlurum, verðbréfafyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum að fengnu samþykki FME. Engin ný hlutdeildarskírteini verða gefin út í sjóðsdeildinni Skuldabréfasjóður ÍV sbr. 3 grein þessara reglna.

#### **7. grein**

Í hlutdeildarskírteinum skal eftirtalinna atriða m. a. getið:

1. Nafn Verðbréfasjóðs ÍV, vörlufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafn og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númer þess.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafn og kennitölu framsalshafa, hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn ÍV sjóða hf. eða þeim, sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnáritunin má vera prentuð eða framsett á annan sambærilegan hátt.

#### **8. grein**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í Verðbréfasjóði ÍV er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlásstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á innlausnarvirði fer eftir þeim stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða á Íslandi.

#### **9. grein**

ÍV sjóðir hf., gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi, þ.e. þau eru gefin út á hvaða einingu sem er með allt að 4 aukastöfum.

#### **10. grein**

Verðbréfasjóður ÍV selur og innleysir (kaupir) bréfin á daglegu gengi.

Viðskipti með sjóðsdeildirnar eru framkvæmd með seinkun. Beiðni um kaup og innlausn á hlutum í ÍV Ríkisskuldabréfasjóði, sem ÍV sjóðum hf. berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða þarnæsta opnunardag (T+2). Beiðnir, sem berast eftir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða

á gengi næsta opnunardags þar á eftir. Engin viðskipti verða með hlutdeildarskírteini Skuldabréfasjóðs ÍV sbr. 3. Grein.

Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestuun auglýst opinberlega.

### **11. grein**

Skattlagning eininga í Verðbréfasjóði ÍV hf. fer eftir lögum um tekju- og eignaskatt nr. 75/1981 ásamt síðari breytingum. ÍV sjóðir hf., sem rekstraraðili, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann reiknast þegar einingar eru seldar með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af einingunum.

## **IV. Vörlufyrirtæki.**

### **12. grein**

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga Verðbréfasjóðs ÍV skal falinn vörlufyrirtæki. Vörlufyrirtæki Verðbréfasjóðs ÍV er Íslensk verðbréf hf. Gerður er skriflegur samningur á milli aðila og er hann uppsegtjanlegur af beggja hálfu með árs fyrirvara. Óheimilt er að skipta um vörlufyrirtæki nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins.

### **13. grein**

Vörlufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags verðbréfasjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans
4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka
5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins

### **14. grein**

Vinna og/eða kostnaður sem fellur til hjá vörlufyrirtæki skal innheimt skv. reikningum hjá rekstrarfélagi. Auk þess greiðir ÍV sjóðir hf. Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörlu varðandi Verðbréfasjóð ÍV. Einnig fá Íslensk verðbréf hf. þóknun fyrir að selja hlutdeildarskírteini í samræmi við 18.gr. laga nr. 128/2011 (sjá nánar 16. grein).

### **15. grein**

Gerðir hafa verið samningar við Íslensk verðbréf hf. varðandi útvistun verkefna. Samkvæmt þeim samningum sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstrarfélagsins:

- a. Bókhaldspjónustu
- b. Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina
- c. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
- d. Uppgör viðskipta

- e. Þjónustu við viðskiptavini
- f. Tæknipjónustu
- g. Kynningu á vörum ÍV sjóða
- h. Nýtingu innlendra og erlendra viðskiptasambanda til hagsbóta fyrir ÍV sjóði
- i. Áhættustýringu
- j. Gengisútreikning sjóða
- k. Regluvörslu

## V. Þóknanir

### 16. grein

Verðbréfasjóður ÍV skal greiða ÍV sjóðum hf. eftirfarandi þóknanir fyrir umsýslu og reiknast gjaldið af heildarmarkaðsverði sjóðsins á hverjum tíma, á ári:

- ÍV Ríkisskuldabréfasjóður – 1,0% umsýsluþóknun
- Skuldabréfasjóður ÍV - 1,0% umsýsluþóknun

Umsýsluþóknunina skal Verðbréfasjóður ÍV greiða mánaðarlega og er hún reiknuð af markaðsverði hverrar sjóðsdeilda í mánaðarlokk. Ekki eru innheimt önnur gjöld af eignum sjóðsins.

*Athugið:*

- 15% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarmarkaðsvirði eigna einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 500 milljónir.
- 25% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarmarkaðsvirði eigna einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 1.000 milljónir.

*Söluþóknun er:*

- 1,00% af ÍV Ríkisskuldabréfasjóði

Söluþóknunin skal koma fram í mismun á kaup- og sölugengi bréfa í sjóðnum.

*Athugið:*

- 50% afsláttur er veittur af söluþóknun ef einstakar fjárfestingar einstakra fjárfesta fara yfir 100 milljónir.

ÍV sjóðir hf. greiðir Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörsu varðandi Verðbréfasjóð ÍV. Beinn kostnaður sem fellur til vegna reksturs og umsýslu fyrir Verðbréfasjóð ÍV, s.s. vegna endurskoðunar, auglýsingar o. s. frv. skal greiddur af ÍV sjóðum hf. Þóknanir vegna útvistaðra verkefna greiðast af umsýslugjaldi sem rekstrarfélagið fær af sjóðsdeildunum.

Ef sjóðsdeild í Verðbréfasjóði ÍV fjárfestir í öðrum verðbréfasjóðum sem reknir eru af ÍV sjóðum hf. þá er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum, sbr. 2. mgr. 54 gr. laga nr. 128/2011.

## VI. Reikningar og endurskoðun

### 17. grein

Í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lög nr. 144/1994, um ársreikninga, skal ársreikningur ÍV sjóða hf. birtur fyrir lok fyrsta

ársfjórðungs fyrir yfirstandandi rekstrarar. Rekstrararið fylgir almanaksárinu. Þar koma fram afkomuupplýsingar fyrir þá sjóði sem ÍV sjóðir hf. rekur þ.m.t. Verðbréfasjóð ÍV.

Í síðasta lagi 4 vikum fyrir aðalfund skal stjórn rekstrarfélagsins hafa lokið gerð ársreiknings fyrir liðið starfsár og hafa sent hann endurskoðanda. Endurskoðandi skal gera endurskoðunarskýrslu í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og verðbréfasjóði, sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar ÍV sjóða hf. í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.

### **18. grein**

Fjármálaeftirlitinu skal sendur endurskoðaður ársreikningur ÍV sjóða hf. í síðasta lagi 10 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en 3 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningunum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda, þar sem m.a. komi fram, hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er hattað.

## **VII. Útboðslýsing**

### **19. grein**

ÍV sjóðir hf. skal gefa út útboðslýsingu fyrir Verðbréfasjóð ÍV sem skal vera fjárfestum aðgengileg endurgjaldslaust og útdráttur úr útboðslýsingunni skal vera fjárfestum aðgengilegur á skrifstofu félagsins endurgjaldslaust áður en viðskiptum með hlutdeildarskírteini er lokið. Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti og áhættu samfara fjárfestingu í Verðbréfasjóði ÍV. Í samræmi við 20. gr. reglugerðar nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, skulu reglur þessar vera hluti af útboðslýsingu sjóðsins.

## **VIII. Önnur ákvæði**

### **20. grein.**

Telji stjórn rekstarfélagsins að nauðsynlegt sé að sameina deild í Verðbréfasjóði ÍV við aðrar deildir eða ef ætlunin er að slíta sjóðnum í heild sinni eða sameina öðrum verðbréfasjóði skal leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins áður en sameining eða slit eru framkvæmt. Tilkynna þarf eigendum hlutdeildarskírteina um breytingarnar.

Ef slíta á deildinni skal innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í Verðbréfasjóði ÍV vera markaðsvirði samanlagðra eigna deildar verðbréfasjóðsins að frádegnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánssstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á innlausnarvirði fer eftir þeim stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða á Íslandi. Eftir að ákveðið hefur verið að slíta deildinni skal fengin staðfesting á lokainnlausnarverði áður en hafist verður við að greiða út hluti.

Ef hins vegar á að sameina deildina annarri deild skal gefa sjóðfélögum kost á að fá sinn hlut innleystan innan þriggja vikna frá því að sameining hefur verið samþykkt. Á þeim tíma skal innlausnarverð hvers hlutar liggja fyrir.

Sjóðsdeildin Skuldabréfasjóður ÍV verður ekki sameinuð öðrum sjóðum sbr. 3. Grein. Slit deildarinnar fer fram skv. 3. grein.

**21. grein**

Allar upplýsingar um Verðbréfasjóð ÍV má nálgast hjá ÍV sjóðum hf. (kt. 491001-2080), Strandgötu 3, 600 Akureyri. Ennfremur verða upplýsingar um sjóðinn, s.s. gengi o.fl. aðgengilegar á heimasíðu ÍV sjóða hf., [www. ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is)

**22. grein**

Þar sem ákvæði reglna þessara segja ekki til um, hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr.128/2011, og reglugerð nr. 792/2003, sem og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Akureyri 3. júní 2015

F.h. stjórnar ÍV sjóða hf.

Arnbjörg Sigurðardóttir

Ingvar Gíslason

Jón Steindór Árnason

## Viðauki með útboðslýsingu Verðbréfasjóðs ÍV.

Valdar greinar úr lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

### Ákvæði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða

Um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða er fjallað í II. kafla laganna undir lið f.:F.  
*Fjárfestingarheimildir.*

30. gr.

*Fjármálagerningar og innlán.*

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
  - a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
  - b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
  - c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskíteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skíteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskíteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörlufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að

fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

4. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilyrðum 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísítölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísítölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíksra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
7. Peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

### 31. gr.

#### *Aðrar eignir.*

Prátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

### 32. gr.

#### *Yfirtaka eigna og hrávörur.*

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmunu hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr.  
*Eftirlit með áhættu.*

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

34. gr.  
*Afleiðuviðskipti.*

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögd áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

35. gr.

*Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, eða
  2. meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.
- Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:
1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,
  2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum og afleiðusamningum utan

skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir skv. 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnunum af aðilum tengdum rekstrarféluginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálfyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnunum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálfyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

*Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.*

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálfyrirtæki.

### 36. gr.

#### *Vísítölusjóðir.*

Prátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspeglar tiltekna hlutabréfa-eða skuldabréfavísítolu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspeglar viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísítölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

### 37. gr.

#### *Peningamarkaðssjóðir.*

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum og innlánum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslistími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

### 38. gr.

#### *Traust verðbréf.*

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex

mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

### 39. gr.

#### *Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.*

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

### 40. gr.

#### *Takmarkanir á eignasafni.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

### 41. gr.

#### *Lán og ábyrgðir.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

### 42. gr.

#### *Skortsala.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

### 43. gr.

#### *Ráðstafanir til úrbóta.*

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar

ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.